

ÁLIT

Til: Lífeyrissjóðs bankamanna

Frá: Rökstólum lögmannsstofu, Jónasi Fr. Jónssyni hdl.

Dags: 7. september 2015

Efni: Álit á atriðum er tengjast uppgjöri á ábyrgð aðildarfyrirtækja sjóðsins á árinu 1997 og þróun tryggingafræðilegrar stöðu

I. Inngangur

Lífeyrissjóður bankamanna hefur óskað eftir áliti á atriðum er tengjast uppgjöri á ábyrgð aðildarfyrirtækja sjóðsins á árinu 1997 og þróun tryggingafræðilegrar stöðu hans frá þeim tíma. Nánar tiltekið er óskað álits á því hvort:

- Aðildarfyrirtæki lífeyrissjóðsins beri ábyrgð á skuldbindingum Hlutfallsdeildar sjóðsins.*
- Aðildarfyrirtæki beri ábyrgð vegna stöðu Hlutfallsdeildar sjóðsins vegna:*
 - Lægri aldurs við upphaf lífeyristöku en forsendur til grundvallar uppgjöri ábyrgðar frá árinu 1997 miðuðu við, þ.e. meðaleftirlaunaaldur er 65 ára í stað 67 ára.*
 - Meiri nýtingar svokallaðrar 95 ára reglu en forsendur til grundvallar uppgjöri ábyrgðar frá árinu 1997 miðuðu við.*

Álitsbeiðnin tengist niðurstöðum í minnisblaði frá tryggingafræðingi sjóðsins, dagsettu 5. maí 2015, um þróun tryggingafræðilegra forsendna um eftirlaunaaldur og nýtingu svokallaðrar 95 ára reglu sem lagðar voru til grundvallar samkomulagi um uppgjör ábyrgðar aðildarfyrirtækja frá 1997. Í minnisblaðinu er jafnframt lagt tölulegt mat á framkomnar greiðslur og skuldbindingar vegna þessara frávika og viðbótarkostnað miðað við að þeir sem enn eru í starfi hefji töku eftirlauna eins snemma og þeir geta.

Hér verður á því byggt að niðurstaða minnisblaðsins sé staðreynd og þannig liggi fyrir að skuldbindingar lífeyrissjóðsins vegna þessara tveggja atriða séu í reynd töluvert meiri en forsendur samkomulagsins um uppgjör ábyrgðar gerðu ráð fyrir. Ekki er lagt mat á áhrif annarra mögulegra frávika en þeirra sem minnisblaðið tekur til.

Vinna álitsins byggist á skoðun þeirra gagna sem starfsmenn lífeyrissjóðsins lögðu til, s.s. fundargerða sjóðfélagafunda og stjórnar, ársreikninga og tryggingafræðilegra úttekta,

reglugerða fyrir og eftir breytingu 1997, samkomulags við aðildarfyrirtæki árin 1997 og 2006, málgagna vegna dómsmáls 2005, lögfræðiálita, bréfaskipta við aðildarfélög o.fl. Eðli máls samkvæmt þarf sú skoðun ekki að vera tæmandi né heldur umfjöllun um þau matskenndu lagasjónarmið sem fjallað er um í álitinu. Þá kann sá tími sem liðinn er frá uppgjörinu 1997 að hafa áhrif á mat á staðreyndum, gögnum og lagasjónarmiðum.

Leitast er við að hafa álitid gagnort og fjalla einkum um atriði er snúa að svörum við framangreindum álitaefnum, en gert er ráð fyrir því að lesendur þekki til málavaxta og ákvæða um réttindi í Hlutfallsdeild sjóðsins.

Að síðustu skal þess getið að undirritaður á óveruleg réttindi í Hlutfallsdeild sjóðsins. Þá kom undirritaður að samkomulaginu frá árinu 2006 sem fyrirvarsmaður Fjármálaeftirlitsins. Jafnframt var tengdafaðir undirritaðs einn bankastjóra Landsbankans við uppgjörið frá 1997. Þessi atriði eru að mati undirritaðs ekki til þess fallin að hafa áhrif á störf hans sem lögmanns og eru kunn forsvarsmönnum lífeyrissjóðsins.

II. Málsatvik

Hér verður í stuttu máli fjallað um atriði er tengjast álitaefninu og snúa að samþykktum¹ sjóðsins og samkomulagi um uppgjör ábyrgðar aðildarfyrirtækjanna.

a) Almennt um Lífeyrissjóð bankamanna²

Lífeyrissjóði bankamanna var komið á fót með reglugerð sem sett var af bankaráði Landsbanka Íslands í desember 1928 með stoð í 49. gr. laga nr. 10/1928 um Landsbanka Íslands. Þegar Landsbankanum var skipt í viðskiptabanka og Seðlabanka með lögum nr. 10/1961 og 11/1961 (og brottfalli laga nr. 10/1928) voru ákvæði um sjóðinn felld úr lögum.

Hlutverk lífeyrissjóðsins hefur frá upphafi verið að sjá starfsmönnum aðildarfyrirtækjanna, eftirlifandi mökum þeirra og börnum fyrir lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktu hans. Í gegnum tíðina var samþykkt aðild starfsmanna annarra fjármálastofnanna að sjóðnum en Landsbankans og Seðlabankans, t.d. Reiknistofu bankanna og Greiðslumiðlunar (nú Valitor hf.).³

Frá 1. janúar 1929 og til 31. desember 1997 var stjórn skipuð þremur einstaklingum, einum tilnefndum af Landsbanka, einum tilnefndum af Seðlabanka og einum kjörnum af sjóðfélögum. Frá 31. desember 1997 hafa sex einstaklingar skipað stjórn sjóðsins og er einn tilnefndur af Landsbanka, einn tilnefndur af Seðlabanka, einn kosinn af öðrum aðildarfyrirtækjum sjóðsins og þrír kosnir á fundi sjóðfélaga.

¹ Samþykktir sjóðsins voru nefndar reglugerðir allt til ársins 1999. Hér verða bæði orðin notuð um þessar starfsreglur lífeyrissjóðsins.

² Sjóðurinn hét upphaflega Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands og síðan Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans. Nafninu var breytt í Lífeyrissjóð bankamanna með breytingum á reglugerð sjóðsins (samhliða uppgjörinu) 1997. Söguleg umfjöllun þessa kafla byggist á álitsgerð prófessoranna Sigurðar Línal og Þorgeirs Örlygssonar fyrir lífeyrissjóðinn, dagsettu 23. október 1996 (hér eftir „*álitsgerð SL og ÞÖ*“).

³ Aðildarfyrirtæki sjóðsins við uppgjörið voru talin upp í 35. gr. reglugerðar þeirrar sem tók gildi 31. desember 1997.

Frá upphafi kom fram í samþykktum sjóðsins að hann væri sjálfstæð stofnun með eigin stjórn. Breytingar á samþykktunum voru gerðar af bankaráði Landsbankans og (síðar) Seðlabankans að fengnu áliti sjóðfélaga. Þá var frá upphafi og til 31. desember 1997 mælt fyrir í samþykktum um bætur vegna halla sjóðsins eða ábyrgð⁴ aðildarfyrirtækjanna á skuldbindingum hans. Var svohljóðandi ákvæði um ábyrgð í reglugerð sjóðsins sem afnumið var 1997: „*Bankarnir bera ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins í hlutfalli við aðild þeirra að sjóðnum, þar til eignir hans nægja fyrir skuldbindingum hans.*“⁵

b) Breytingin 1997 - ný reglugerð

Með breytingum á reglugerð lífeyrissjóðsins á árinu 1997 var fellt niður ákvæði um ábyrgð aðildarfyrirtækja sjóðsins á skuldbindingum hans. Eftir því sem næst verður komist átti Landsbanki Íslands frumkvæði að því að ráðist var í þessa endurskoðun vegna þeirrar stefnumörkunar stjórnvalda að breyta rekstrarformi bankans úr ríkisviðskiptabanka í hlutafélagsbanka.⁶ Vegna þessara fyrirætlana um breytingar á rekstrarformi bankans skipaði Bankaráð Landsbankans nefnd um lífeyrismál í október 1995.⁷ Þá ræddi stjórn lífeyrissjóðsins breytingu á reglugerð sjóðsins á fundi sínum þann 6. mars 1996 m.a. í framhaldi af bréfi frá starfsmönnum Landsbankans þar sem skorað var á stjórnina að gera breytingar á reglugerðinni „með það að markmiði að tryggja áunnin réttindi starfsmanna bankans“ og það „áður en boðað frumvarp um breytingu á rekstrarformi bankans verður lagt fram“.

Með reglugerðarbreytingunni var lífeyrissjóðnum skipt í tvær aðskildar og sjálfstæðar deildir,⁸ annars vegar svokallaða Hlutfallsdeild fyrir starfsmenn sem hófu störf fyrir 1. janúar 1998 og sjóðfélaga sem hættir voru störfum við breytinguna, sem ætlað var að veita svipuð réttindi og samkvæmt eldri reglugerð, og hins vegar svokallaða Stigadeild⁹ fyrir starfsmenn sem hófu störf eftir gildistöku breytingarinnar, en þar var grundvöllur lífeyrisréttinda byggður á stigaútreikningi á greiddum iðgjöldum. Við breytinguna áttu starfsmenn aðildarfyrirtækja þess kost að flytja sig úr Hlutfallsdeild í Stigadeild, en um óafturkræfa ákvörðun var að ræða. Eftir breytinguna var Hlutfallsdeildin „lokuð“ fyrir nýjum sjóðfélögum og þannig ljóst að iðgjaldsgreiðendum myndi einungis fækka.

Við breytingu á reglugerðinni var samið um uppgjör ábyrgðar aðildarfyrirtækjanna á skuldbindingum lífeyrissjóðsins (Hlutfallsdeildar) miðað við tilteknar tryggingafræðilegar forsendur, en þannig áttu eignir sjóðsins að nægja fyrir skuldbindingum hans. Þessar tryggingafræðilegu forsendur voru sérstaklega tilgreindar í tillögum að breyttri reglugerð í viðauka undir heitinu „samkomulag um uppgjör á skuldbindingum aðildarfyrirtækja“. Þar segir

⁴ Í álitserð SL og ÞÖ kemur fram að með breytingu á reglugerð lífeyrissjóðsins árið 1960 hafi fyrst með beinum hætti verið mælt fyrir um ábyrgð aðildarfyrirtækja (bankans) á skuldbindingum sjóðsins.

⁵ Önnur aðildarfyrirtæki en Landsbanki og Seðlabanki munu hafa undirritað yfirlýsingar um sambærilega ábyrgð skv. þessari grein vegna síns starfsfólks, sbr. einnig 21. gr. reglugerðar frá 1. janúar 1988.

⁶ Þannig segir um þetta atriði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. apríl 1995 að meginmarkmiðin séu m.a.: „Að leggja fram áætlun um verkefni á sviði einkavæðingar sem unnið verður að á kjörtímabilinu. Áhersla verður lögð á að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða“. Í stefnuyfirlýsingunni var einnig að finna það markmið að setja almenn lög um starfsemi lífeyrissjóða, en það var gert með lögum nr. 129/1997.

⁷ „Endurskoðun lífeyrismála“, niðurstöður nefndar skipaðri af bankaráði Landsbanka Íslands, dagsett 15. október 1996.

⁸ Í upphafi var einnig gert ráð fyrir þriðju deildinni en hún var felld brott 1999.

⁹ Stigadeildinni var síðar breytt í Aldursdeild, þar sem grundvöllur lífeyrisréttinda tekur mið af aldri sjóðfélaga þegar lífeyrisiðgjöld eru greidd.

að eftir gildistöku reglugerðarinnar skuli ábyrgðaraðilar gera upp skuld sína við sjóðinn samkvæmt tryggingafræðilegu mati miðað við 31. desember 1997. Þá voru settar fram „þær tryggingafræðilegu forsendur sem miða skal við uppgjör á skuldbindingum ábyrgðaraðila (og kostnaði við lífeyriskerfið)“. Um var að ræða forsendur varðandi ávöxtun, launahækkanir, aldur við töku lífeyris (67 ár), nýtingu 95 ára reglu (25%), dánarlíkur, örorkulíkur og giftingarlíkur.

Eftir samþykkt nýrrar reglugerðar var framkvæmt tryggingafræðilegt mat samkvæmt framangreindum forsendum og þegar niðurstaða þess lá fyrir í júní 1998 kallaði lífeyrissjóðurinn eftir greiðslu uppgjörins. Eftir því sem næst verður komist var kallað eftir frekari greiðslu í október sama ár vegna lagfæringar á matinu.¹⁰

c) Ágreiningur og samkomulag um breytingar

Á fyrstu árum eftir reglugerðarbreytinguna var tryggingafræðileg staða Hlutfallsdeildar metin jákvæð. Hins vegar var niðurstaða tryggingafræðilegrar úttektar á stöðu Hlutfallsdeildar m.v. lok árs 2002 neikvæð um 8,7%. Í lok árs 2004 var staðan metin neikvæð um 11,8% og var versnandi staða rakin til lægri ávöxtunar en gert var ráð fyrir, launahækkana starfandi sjóðfélaga umfram forsendur, auknum skuldbindingum vegna túlkunar dómstóla á samþykktum og þess að sjóðurinn bæri hærri rekstrarkostnað.¹¹

Þar sem ekki náðist samkomulag við aðildarfyrirtækin um viðbótarframlag vegna þessa höfðaði lífeyrissjóðurinn mál á hendur Landsbankanum og íslenska ríkinu (til vara) í júní 2005 til viðurkenningar á því að bakábyrgð hefði ekki fallið niður, greiðsluhlutfall Landsbankans sem launagreiðanda væri of lágt og tiltekna forsendur við uppgjörið hefðu ekki staðist og bæri að endurútreikna miðað við nýjar forsendur.¹² Þá var krafist skaðabóta.

Í lok árs 2006 náðist samkomulag á milli lífeyrissjóðsins og aðildarfyrirtækjanna á grundvelli viljayfirlýsingar aðilanna frá júlí sama ár og samþykkis sjóðfélaga í Hlutfallsdeild, sem voru fylgiskjöl með samkomulaginu. Aðildarfyrirtækin samþykktu að:

- Greiða lífeyrissjóðnum tiltekna fjárhæð vegna launaþróunar,
- skuldbinda sig til að greiða í framtíðinni beint til Hlutfallsdeildar kostnað vegna launahækkana umfram kjarasamninga sem leiddu til aukningar skuldbindinga sjóðsins,
- taka þátt í rekstrarkostnaði sjóðsins.

Tekið var fram að samkomulagið fæli „ekki í sér neina viðurkenningu á greiðsluskyldu aðildarfyrirtækja sjóðsins né því að um brostnar forsendur sé að ræða fyrir þeim útreikningum sem lágu til grundvallar uppgjöri við sjóðinn við brottfall ábyrgðar aðildarfyrirtækjanna á skuldbindingum sjóðsins í ársbyrjun 1998“.

Þá sagði í samkomulaginu að lífeyrissjóðurinn félli „frá öllum málarekstri fyrir dómstólum, allri aðild að málarekstri og frekari kröfum á hendur aðildarfyrirtækjum, sem tengjast forsendum og skuldbindingum aðildarfyrirtækjanna“. Þetta ákvæði var ekki í fullu samræmi við þá tillögu sem sjóðfélagafundur samþykkti, en þar sagði að fallið væri frá „freakari kröfum

¹⁰ Svo virðist sem um 23 milljóna króna hækkun hafi verið að ræða eða um 3% heildargreiðslu.

¹¹ Tryggingafræðileg athugun: Lífeyrissjóður bankamanna 31.12.2004 – Hlutfallsdeild, dagsett 7. apríl 2005.

¹² Um var að ræða forsendur varðandi launahækkanir, að miða ætti meðaleftirlaunaaldur við 65 ár í stað 67 ára, að nota ætti aðrar lífslíkur (ævilengd), að geymd réttindi miðuðu við gildandi reglugerð við lífeyristöku og reiknaðar væru nýjar forsendur fyrir rekstrarkostnaði.

á hendur aðildarfyrirtækjunum, sem tengjast framangreindum forsendum og uppgjöri skuldbindinga aðildarfyrirtækjanna við lífeyrissjóðinn vegna þeirra“.¹³

Í tryggingafræðilegri úttekt miðað við lok árs 2006 var staða Hlutfallsdeildar metin neikvæð um 2,95%.

III. Almennt um lagaumgjörð lífeyrissjóða og breytingu á samþykktum lífeyrissjóðsins 1997

Lífeyrissjóðir starfa ýmist samkvæmt lögum eða á samningsgrunni. Samningsbundnir lífeyrissjóðir eru einkaréttarleg félög¹⁴ sem svipar að mörgu leyti til sjálfseignarstofnanna. Um starfsemi lífeyrissjóða hefur verið sett almenn löggjöf nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.¹⁵

Eins og önnur einkaréttarleg félög þá geta lífeyrissjóðir skipað eigin málefnum í samþykktum sínum s.s. varðandi skipulag og félagsréttindi,¹⁶ en að teknu tilliti til ákvæða landslaga. Er lífeyrissjóðum í þessu efni skorinn þrengri stakkur en mörgum almennum félögum, bæði vegna áðurnefndra laga um starfsemi þeirra¹⁷ og þar sem lífeyrisréttindi teljast til eignarréttinda.¹⁸ Eru lífeyrisréttindi þáttur í almennum launakjörum og koma til sem endurgjald fyrir vinnu og fyrir fjárframlag sjóðfélaga.

Telja verður að lífeyrissjóðurinn hafi verið samningsbundinn sjóður þegar breytingin var gerð 1997.¹⁹ Byggðust réttindi sjóðfélaga því einkum²⁰ á samþykktum sjóðsins og tóku breytingum í samræmi við fyrirmæli samþykktanna, sem breyta mátti með atbeina sjóðfélaga.²¹

¹³ Undirstrikun JFJ.

¹⁴ Einkaréttarleg félög eru skipulagsbundin, varanleg samtök tveggja eða fleiri aðila sem vinna eiga að sameiginlegu markmiði þeirra og tilvist félagsins byggir á samkomulagi en ekki lögum.

¹⁵ Löggin tóku gildi 1. júlí 1998. Þar segir m.a. í 1. gr. að með lífeyrissjóði sé „átt við félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts“.

¹⁶ Sjá t.d. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2476/1998, en þar segir að tilurð og starfsemi samningsbundins lífeyrissjóðs og réttindi og skyldur sjóðfélaga hans ráðist af þeim samþykktum er sjóðnum hafa verið settar af stofnendum hans.

¹⁷ Starfsemi lífeyrissjóða snýr að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris, sbr. 1. ml. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 129/1997.

¹⁸ Sjá t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 249/2000.

¹⁹ Í dómi héraðsdóms, sem sætti ekki endurskoðun Hæstaréttar í máli nr. 249/2000, segir m.a. að eftir að lög um Landsbankann nr. 10/1928 voru felld úr gildi hafi sjóðurinn orðið „samningsbundinn sjóður sem aðeins laut almennum lagaákvæðum um slíka sjóði“. Í héraðsdómi, sem sætti ekki endurskoðun Hæstaréttar í máli nr. 244/2003, segir: „Stefndi, lífeyrissjóður bankamanna er samtryggingasjóður, sem rekinn er sem sjálfseignarstofnun“.

²⁰ Heildarlög um lífeyrissjóði nr. 129/1997 höfðu ekki tekið gildi á þeim tíma, en finna mátti ýmis almenn fyrirmæli um starfsemi lífeyrissjóða í lögum, t.d. nr. 55/1980, 91/1980 og 27/1991. Þá skal ekki útilokað að einstakir sjóðfélagar geti reist einstaklingsbundin rétt á ráðningasamningi, ef slíkur samningur er skýr um skuldbindingu gagnvart viðkomandi einstaklingi. Ef slíkur samningur hefur að geyma almenn ákvæði og tilvísun til lífeyrisréttinda tiltekens sjóðs, þá fer um slíkt samkvæmt samþykktum sjóðsins (auk ákvæða landslaga), sbr. t.d. sjónarmið í dómi Hæstaréttar í máli nr. 244/2003.

²¹ Samkvæmt 20. grein þágildandi samþykktu sjóðsins skyldu engar breytingar gerðar á reglugerð hans „án þess að áður hafi verið leitað álits fundar sjóðfélaga“. Það var niðurstaða umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2476/1998 að reglugerðinni yrði ekki breytt „án atbeina sjóðfélaga“ og í álitsgerð SL og ÞÖ, bls. 15, segir að samþykki sjóðfélaga þurfi til að bankaráð Landsbanka og Seðlabanka geti breytt samþykktunum.

Þegar breytingar eru gerðar á samþykktum lífeyrissjóða verður að fylgja ákvæðum sem mæla fyrir um málsmeðferð breytinga í samþykktum þeirra auk fyrir mæla sem kunn að vera í landslögum. Þannig er lífeyrissjóðum almennt heimilt að breyta samþykktum sínum, jafnvel þó að það kunn að leiða til lakari réttinda einhverra sjóðfélaga.²²

Þær kröfur eru þó gerðar til slíkra breytinga að þær séu almennar, byggist á málefnalegum sjónarmiðum og meðalhófi, auk þess sem fylgja þarf almennum reglum félagaréttar um jafnræði og tækifæri félagsmanna til að láta skoðun sína í ljós.²³ Má halda því fram að strangari kröfur séu almennt gerðar til breytinga á áunnum réttindum en mögulegum framtíðarréttindum og enn frekar ef skerða á „virk réttindi“, þ.e. þegar lífeyristaka er hafin.²⁴

Að þessu gefnu getur félagsheildin bundið einstaka sjóðfélaga eins og gildir í félögum almennt.²⁵

Til viðbótar ákvörðun í samræmi við samþykktir lífeyrissjóða, þá hefur vegna mikilvægis lífeyrisréttinda lengi verið gerð krafa um að breytingar á samþykktum lífeyrissjóða hljóti staðfestingu stjórnvalda. Með þessu hefur ekki verið ætlast til að stjórnvöld taki að sér að ákveða efni einkaréttarlegra samninga²⁶ heldur er um að ræða öryggisþátt. Ber stjórnvöldum að synja um staðfestingu á breytingum ef þær stefna réttindum sjóðfélaga í óhóflega hættu eða samrýmast ekki lögum eða öðrum réttarreglum.²⁷

Fyrir liggur sú niðurstaða dómstóla að breytingar á reglugerð lífeyrissjóðsins á árinu 1997 voru afgreiddar með lögumætum hætti. Þannig sagði í dómi Hæstaréttar í máli nr. 249/2000:

*„Fallast má á það með héraðsdómi að vanda hefði mátt betur undirbúning og framkvæmd skipulagsbreytinganna í lok árs 1997 en þær verði ekki ógiltar af þeim sökum“.*²⁸

Umboðsmaður Alþingis komst að svipaðri niðurstöðu í máli nr. 2476/1998 vegna kvörtunar er snéri að breytingum á reglugerð sjóðsins frá 1997. Þá taldi umboðsmaður að breytingarnar hefðu verið „almennar og komu ekki harðar niður á einum hópi sjóðfélaga fremur en öðrum jafnvel þótt litið yrði svo á að þær hafi verið gerðar vegna fyrirhugaðrar breytingar á félagsformi Landsbankans“.

²² Sjá t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 665/2008 en þar segir m.a. að lög 129/1997 veiti lífeyrissjóði „verulegt svigrúm til að ákveða greiðslu lífeyris í samræmi við fjárhag og horfur til framtíðar og að bregðast við aðstæðum hverju sinni með því eftir atvikum að auka eða skerða greiðslur til lífeyrisþega“.

²³ Sjá t.d. dóm Hæstaréttar í málum nr. 665/2008 og nr. 340/1999, álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2476/1998 og álitgerð SL og ÞÖ.

²⁴ Sjá t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 340/1999.

²⁵ Sjá t.d. álitgerð SL og ÞÖ.

²⁶ Sjá t.d. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1204/1994 og álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 432/1991.

²⁷ Sjá t.d. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1204/1994.

²⁸ Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 244/2003 segir að um lögumæti málsmeðferðar sjóðsins við breytingar á reglugerðinni hafi verið dæmt í dómum réttarins í málum nr. 249/2000 og nr. 250/2000.

IV. Um ábyrgð aðildarfyrirtækja á skuldbindingum Hlutfallsdeildar

a) Samningur um lok ábyrgðar

Eins áður kom fram, þá var um langt skeið og allt til 31. desember 1997 ákvæði í samþykktum lífeyrissjóðsins um að aðildarfyrirtækin bæru ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins þar til eignir nægðu fyrir skuldbindingum hans.

Ábyrgð er í eðli sínu tryggingaréttindi þar sem ábyrgðaraðili skuldbindur sig gagnvart kröfuhafa til að efna skuldbindingar aðalskuldara ef vanefnd verður.²⁹ Ábyrgðin var þannig til vara ef lífeyrissjóðurinn gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær féllu til eða ef sjóðurinn væri gerður upp án þess að eignir dygðu fyrir skuldbindingum.³⁰

Grundvöllur ábyrgðarinnar var samningsbundinn, þ.e. reistur á ábyrgðaryfirlýsingu aðildarfyrirtækjanna sem var að finna í samþykktum lífeyrissjóðsins (og sérstökum yfirlýsingum fyrirtækja með „aukaaðild“). Af meginreglunni um skuldbindingargildi samninga leiðir að ábyrgðaraðilar gátu ekki einhliða létt af sér þessari samningsskyldu, en það var hins vegar gert með samkomulagi og breytingu á reglugerð sjóðsins á árinu 1997. Er vikið að þessu í niðurstöðukafla héraðsdóms, sem sætti ekki endurskoðun Hæstaréttar í máli nr. 244/2003, en þar segir:

*„Fyrir skipulagsbreytingarnar báru aðildarfyrirtæki sjóðsins ábyrgð á skuldbindingum hans í hlutfalli við aðild þeirra að sjóðnum. Við breytingarnar skuldbundu þau sig til að gera upp skuldir sínar við sjóðinn. Tók það loforð til allra skuldbindinga sjóðsins, eins og þær voru reiknaðar við breytingarnar, en eftir þær var að því stefnt, að ábyrgð aðildarfyrirtækjanna félli niður. Áttu eignir sjóðsins eftir það uppgjör að nægja fyrir skuldbindingum hans“.*³¹

Ljóst er að undirbúningur að umræddum breytingum á samþykktunum var þó nokkur. Voru væntanlegar breytingar til umræðu á sjóðfélagafundi á árinu 1996 og tillögur að breytingum voru ræddar á tveimur fundum á árinu 1997. Gefið var út sérstakt upplýsingarit til félaga í lífeyrissjóðnum þar sem fyrirhuguðum breytingum var lýst, m.a. uppgjóri ábyrgðarinnar.³² Þá fylgdi lýsing á samkomulaginu um uppgjör á skuldbindingum aðildarfyrirtækja, m.a. þeim tryggingafræðilegu forsendum sem voru lagðar til grundvallar, með drögum að reglugerð sem lögð var fyrir sjóðfélagafund til samþykktar.³³

Stefnan virðist hafa verið sú, að með breytingum á reglugerð sjóðsins og uppgjörsgreiðslu vegna ábyrgðarskuldbindingarinnar, þá myndu eignir duga fyrir skuldbindingum. Jafnframt yrðu þáverandi starfsmenn aðildarfyrirtækjanna (Hlutfallsdeild), sem heild, jafnsettir með

²⁹ Sjá t.d. Benedikt Bogason: „Um kröfuábyrgð, stofnun og ógildi“, Tímarit lögfræðinga 1. hefti 1997.

³⁰ Í álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2476/1998 segir að svo virðist sem ábyrgðin hafi verið „skilyrt þannig að hún félli niður þegar eignir sjóðsins nægðu fyrir skuldbindingunum“.

³¹ Í niðurstöðum héraðsdóms, sem sætti ekki endurskoðun Hæstaréttar í máli 108/2005, sagði: „Stefndi er sjálfstæður og ber einn ábyrgð á skuldbindingum sínum.“ Í álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2476/1998 segir: „Með hinni nýju reglugerð féll þessi bakábyrgð bankanna niður.“

³² Þannig sagði í kafla um tilgang breytinganna að gert væri „ráð fyrir að aðildarfyrirtæki greiði til hans þær fjárhæðir sem vantar til að núverandi eignir sjóðsins nægi til að mæta skuldbindingum hans. Í kjölfar þess félli niður bakábyrgð aðildarfyrirtækja sjóðsins á honum“. Skjal þetta var lagt fram af hálfu lífeyrissjóðsins í dómsmálinu sem þingfest var 2005 (dómsskjal 6).

³³ Skjal þetta var lagt fram af hálfu lífeyrissjóðsins í dómsmálinu sem þingfest var 2005 (dómsskjal 11).

áunnin réttindi sín eins og ef áframhaldandi ábyrgðar nyti við, en aðildarfyrirtækin losnuðu undan ábyrgðarskuldbindingunni. Þetta má t.d. ráða af 11. gr. laga nr. 50/1997 um stofnun hlutafélags um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands³⁴, fundargerðum sjóðfélagafunda í janúar og júní 1997³⁵ og af greinargerð Landsbanka Íslands um endurskoðun lífeyrismála frá október 1996.³⁶

Af fyrirbyggjandi gögnum verður talið að efni samkomulags aðila hafi falið í sér að aðildarfyrirtækin greiddu næga fjármuni til þess að eignir lífeyrissjóðsins væru umfram skuldbindingar vegna réttinda sjóðfélaga gegn því að ábyrgð aðildarfyrirtækja á eignastöðu sjóðsins félli niður (gagngjald). Til grundvallar á fjárhæð greiðslu aðildarfyrirtækjanna var byggt á ákveðnum tryggingafræðilegum forsendum.

Þessu til viðbótar verður að telja að í samkomulaginu hafi falist sú aukaskylda að báðir aðilar gerðu allt sem í þeirra valdi stæði til að forsendur samningsins gengju eftir og a.m.k. myndu forðast ráðstafanir sem gætu stefnt forsendum samkomulagsins í hættu.

b) Skuldbindingargildi samnings um afnám ábyrgðar - inngangur

Fyrir liggur að tryggingafræðileg staða Hlutfallsdeildar sjóðsins hefur meira og minna verið neikvæð frá lokum árs 2002 vegna þess að tryggingafræðilegar forsendur samkomulagsins frá 1997 gengu ekki eftir. Á árinu 2006 var gert samkomulag um leiðréttingu á forsendum varðandi launahækkanir þannig að greidd var viðbótargreiðsla vegna þess tíma sem liðinn var og gert ráð fyrir greiðslum aðildarfyrirtækja til sjóðsins ef skuldbindingar hans ykjast vegna launahækkana umfram kjarasamninga. Hin síðari ár hefur hin neikvæða staða að miklu leyti verið tilkomin vegna forsendubrests af völdum tímamarks starfsloka, þ.e. eftirlaunaaldurs og nýtingu 95 ára reglu.

Við mat á áhrifum þessa á skuldbindingagildi samningsins um uppgjör og afnám ábyrgðar reynir á sjónarmið samningaréttar, að teknu tilliti til eðlis þeirra réttinda sem um er að ræða. Þannig verður einkum litið til þess hvort lagarök séu til þess að ógilda eða breyta samkomulagi um uppgjör á ábyrgð aðildarfyrirtækja vegna framangreinds forsendubrests sem teljast verður töluverður.

³⁴ Í 11. gr. laganna var gert ráð fyrir ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum þessara fyrirtækja gagnvart lífeyrissjóðnum vegna áunninna réttinda starfsmanna við breytingu á rekstrarformi þeirra, nema samningar næðust um aðra tilhögun, en löggin tóku gildi 29. maí 1997. Í almennum athugasemdum frumvarps þess sem varð að lögum nr. 50/1997 sagði m.a. að frumvarpið miðaði að því að sem minnst röskun yrði á starfshögum almennra starfsmanna við breytinguna. Um 11. gr. sagði sérstaklega að þeir sem hefðu hafið störf fyrir formbreytinguna myndu halda áfram í svipuðu kerfi og því sem lífeyrissjóðirnir byggðu á (121. löggjafarþing (1996-1997), 409. mál, þingskjal nr. 706.

³⁵ Í umræðum á fundunum komu fram áhyggjur sjóðfélaga um útreikning skuldbindinga og afnám ábyrgðarinnar. Á fundinum í janúar 1997 haft eftir Kjartani Gunnarssyni, sem sat í stjórn sjóðsins og bankaráði Landsbankans, að „ekkert liggur annað fyrir eftir allan útreikninginn en að réttindi verði sambærileg“. Þá er á sama fundi haft eftir öðrum stjórnarmanni, Benedikt Guðbjartssyni að „réttindi eru ekki skert heldur gæti verið að þau ykjast heldur“. Á fundinum í júní 1997 er haft eftir Kjartani Gunnarssyni: „Rétt er að menn átti sig á að vinnuveitendur nálgast málið þannig að tryggja starfsmönnum sínum sambærileg lífeyrisréttindi við það sem þeir hafa í dag eftir að reglugerðinni hefur verið breytt og miðað við það að þeir njóti bestu lífeyrisréttinda sem Íslendingar njóta“. Á sama fundi er haft eftir Benedikt að „ítarlegur útreikningur hefur farið fram á öllum þeim skyldum sem hugsanlega geta fallið á sjóðinn“. Á fundinum er nokkuð vísað til fyrirbyggjandi útreikninga tryggingastærðfræðinga.

³⁶ Þar segir m.a. að það sé grundvallaratriði að skuldbindingar bankans aukist ekki umfram það sem nú er og réttindi starfsmanna rýrni ekki frá því sem nú er.

Rétt er að taka fram að sá sem heldur því fram að samningur sé ógildur ber yfirleitt sönnunarbyrði fyrir slíkum staðhæfingum og má ætla að sú krafa verði rík í ljósi þess tíma sem liðinn er frá gerð þess samkomulags sem hér er til umfjöllunar. Þá kann að vera að sjónarmið um tómlæti rými út mögulegum rétti til ógildingar.

c) Sjónarmið um brostnar forsendur

Í samningarétti eru þær ástæður sem liggja að baki samningsgerð sem ekki eru gerðar að skilyrði nefndar forsendur.³⁷ Af þeim gögnum sem fyrir liggja verður að telja að þær tryggingafræðilegu forsendur sem tilgreindar voru í samkomulaginu um uppgjör og afnám ábyrgðar hafi í skilningi samningaréttar verið forsendur samningsins.

Það er meginregla í íslenskum rétti að aðilar hafa frelsi til samninga og þá ber að efna. Af þeim sökum er það undantekning frá meginreglu ef samningar eru ógiltir vegna þess að forsendur ganga ekki eftir og hafa dómstólar gert strangar kröfur í þeim efnum.³⁸

Til þess að til greina komi að ógilda samning á þessum grunni þurfa nokkur matskennd meginskilyrði að vera uppfyllt. Í fyrsta lagi þurfa forsendur að hafa verið ákvörðunarástæða fyrir þann sem krefst ógildingar samningsins. Í öðru lagi þarf forsendan að hafa verið veruleg á almennan mælikvarða. Í þriðja lagi þarf gagnaðili að hafa gert sér grein fyrir mikilvægi forsendna og í fjórða lagi má ekki vera ósanngjarnt að leggja áhættu af forsendubrestinum á gagnaðila.

Varla verður deilt um það að fyrir lífeyrissjóðinn og sjóðfélaga var það ákvörðunarástæða fyrir samkomulagi um uppgjör ábyrgðar aðildarfyrirtækjanna, að tryggingafræðilegar forsendur myndu að mestu leyti ganga eftir og áunnum réttindum sjóðfélaga yrði ekki stefnt í hættu. Hefði legið fyrir að slík frávik yrðu frá forsendunum að greiðslur aðildarfyrirtækjanna myndu ekki vera nægjanlegar til að tryggja áunnin réttindi sjóðfélaga, þá er einsýnt að sjóðfélagar hefðu aldrei samþykkt uppgjör og afnám ábyrgðar aðildarfyrirtækja.

Þá verður að telja að sú forsenda að tryggingafræðilegar forsendur uppgjörins gengju að mestu eftir þannig að áunnin réttindi væru tryggð, hafi verið veruleg á almennan mælikvarða. Lífeyrisréttindi eru talin mikilvæg stjórnarskrárvarin réttindi, þau eru þáttur í launakjörum og varða mikla fjárhagslega hagsmuni fyrir einstaka sjóðfélaga. Þá er um verulegar fjárhæðir að ræða fyrir lífeyrissjóðinn.

Þessu til viðbótar mátti aðildarfyrirtækjunum vera ljóst að það að framangreindar forsendur gengju að mestu eftir var ákvörðunarástæða fyrir gerð samkomulagsins. Þannig átti breytingin sér töluverðan aðdraganda, var rædd á vettvangi sjóðsins og aðildarfyrirtækjanna og þessa er beinlínis getið í skýrslu Landsbankans (stærsta aðildarfyrirtækisins) frá október 1996 en þar segir: „Þessar forsendur skipta miklu máli og breytingar um brot úr prósentu geta breytt niðurstöðu útreikninga um tugi eða hundruð milljóna króna.“

Að síðustu stendur eftir sú spurning hvort það sé ósanngjarnt að leggja áhættu af forsendubrestinum á aðildarfyrirtækin frekar en lífeyrissjóðinn, þ.e. sjóðfélaga í hinni lokuðu Hlutfallsdeild.

³⁷ Ólafur Lárusson: Kaflar úr kröfurétti, bls. 28, og Páll Sigurðsson: Samningaréttur, bls. 299.

³⁸ Páll Sigurðsson: Samningaréttur, bls. 301.

Í fyrsta lagi verður að ætla að markmið aðila samkomulagsins, aðildarfyrirtækjanna ekki síður en lífeyrissjóðsins, f.h. sjóðfélaga, hafi verið, að uppgjörið myndi ekki hafa þau áhrif að áunnin réttindi starfsmanna yrðu lakari. Þannig hafi vilji beggja aðila staðið til þess, að aðildarfyrirtækin greiddu í samræmi við réttar forsendur.

Í öðru lagi er ljóst að uppgjörið byggðist á mati á líklegri þróun á tryggingafræðilegum forsendum til nokkurra áratuga. Það getur varla talist sanngjarnt að einstaklingar í lokaðri deild lífeyrissjóðs eigi frekar en fjársterk fyrirtæki að bera alla áhættu af forsendubresti.

Í þriðja lagi verður að telja, að áhættan af forsendubresti vegna vanmats skuldbindinga miðað við ofmat hafi verið þungbærari fyrir sjóðfélaga en aðildarfyrirtækin. Þannig er ljóst að vanmat á skuldbindingum leiðir til skerðingar á réttindum einstakra sjóðfélaga en hefði án samkomulagsins aukið ábyrgðarskuldbindingu aðildarfyrirtækjanna. Ofmat gat aukið réttindi sjóðfélaga en án samkomulagsins hefði ábyrgðarskuldbinding aðildarfyrirtækjanna lækkað.

Í fjórða lagi ber að líta til þess að stjórnvöld hefðu ekki samþykkt breytingarnar ef þeim hefði verið forsendubresturinn ljós. Þannig bar fjármálaráðuneytinu skylda til að samþykkja ekki breytingar sem stefndu áunnum réttindum sjóðfélaga lífeyrissjóða í óhóflega hættu³⁹ og því má halda því fram að það hafi verið forsenda lögmæts uppgjors ábyrgðar aðildarfyrirtækjanna á áunnum skuldbindingum lífeyrissjóðsins að forsendurnar og greiðsla á grunni þeirra myndi tryggja að sjóðurinn gæti staðið við áunnar skuldbindingar.⁴⁰

Í fimmta lagi virðist hvatinn að samkomulaginu hafa verið breyting á rekstrarformi Landsbankans, stærsta aðildarfyrirtækisins, en ekki óskir sjóðfélaga. Þannig væri ósanngjarnt ef sjóðfélagar bæru einir áhættu vegna breytinga sem ráðist var í fyrir tilstuðlan og vegna hagsmuna stærsta aðildarfyrirtækisins og íslenska ríkisins, sem var eigandi bankans. Þetta fær frekari stuðning af því að ljóst var að Hlutfallsdeild sjóðsins yrði „lokuð deild“ og því takmarkaðri möguleikar en almennt gerist að bregðast við forsendubresti.

Í sjötta lagi verður að telja að ef áhætta vegna forsendubrests er alfarið sett á sjóðfélaga þá hafi efndir samkomulagsins verið mjög einhliða. Þannig hafi aðildarfyrirtækin fengið fullar efndir en ekki sjóðfélagar, þ.e. að því marki sem áunnin réttindi þeirra skerðast.

Að síðustu skiptir einnig máli við sanngirnismat, að aðildarfyrirtækin hafa áður samþykkt að endurskoða samkomulagið um uppgjör ábyrgðarinnar vegna tiltekins forsendubrests, þó svo að fyrirvari hafi verið gerður um skyldu þeirra í því efni.⁴¹ Var um að ræða í því tilviki forsendur varðandi launahækkanir en hér er um að ræða forsendur varðandi starfslok, en í báðum tilvikum eru forsendurnar nátengdar ráðningarsambandi sjóðfélaga og aðildarfyrirtækja.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða undirritaðs, að lögfræðileg rök standi til þess að ógilda megi hluta samkomulagsins frá 1997 um uppgjör ábyrgðar vegna brostinna forsenda varðandi eftirlaunaaldur og nýtingu 95 ára reglu.

³⁹ Sjá t.d. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1204/1994 og nr. 2476/1998.

⁴⁰ Í álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2476/1988 vegna lífeyrissjóðsins segir m.a.: „Þar sem uppgjör á áföllnum skuldbindingum fór fram með tilliti til stöðu sjóðsins þegar breytingarnar tóku gildi á grundvelli tryggingafræðilegs mats og hlutfall greiðslna var hækkað til að tryggja að sjóðurinn gæti staðið við áfallnar skuldbindingar sínar, verður ekki séð að áunnum réttindum hafi verið stefnt í óhóflega hættu með framangreindum breytingum.“

⁴¹ Samkomulag frá 2006 þar sem brugðist var við forsendubresti varðandi launaþróun.

Rétt er að taka fram að þessi niðurstaða er ekki óumdeilanleg, enda byggist hún á sanngirnismati og óskráðum reglum um brostnar forsendur. Þannig má færa fram rök fyrir annarri niðurstöðu, s.s. að aðildarfyrirtækin hafi verið í góðri trú um tryggingafræðilegu forsendurnar og báðir aðilar hafi vitað að þróun þeirra væri óvissu háð, að útreikningurinn hafi verið framkvæmdur af tryggingafræðingi sjóðsins, að um fullnaðaruppgjör hafi verið að ræða a.m.k. eftir samkomulagið 2006, að langur tími sé um liðinn og það hafi staðið lífeyrissjóðnum næst að tryggja hagsmuni sína og bregðast við neikvæðri þróun á viðeigandi hátt. Hvað sem því líður, þá breyta framangreind sjónarmið ekki niðurstöðu minni um stöðu aðildarfyrirtækjanna vegna framangreinds forsendubrests, en hún fær einnig stuðning í niðurstöðum héraðsdóms, sem ekki sætti endurskoðun Hæstaréttar í máli nr. 249/2000, en þar segir:

„Í málinu liggur fyrir samkomulag um uppgjör á skuldbindingum aðildarfyrirtækja Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbanka og Seðlabanka gagnvart sjóðnum. Samkvæmt því skyldu aðildarfyrirtækin, eftir gildistöku reglugerðar nr. 669/1997, gera upp skuld sína við sjóðinn samkvæmt tryggingafræðilegu mati, miðað við 31. desember 1997. Í samkomulaginu voru tilgreindar þær tryggingafræðilegu forsendur sem lágu til grundvallar uppgjörinu. Svo virðist því sem ábyrgð aðildarfyrirtækjanna sé enn til staðar gagnvart eldri skuldbindingum ef forsendur uppgjörins breytast. Þar sem Seðlabanki Íslands er ríkisbanki ber íslenska ríkið því óbeina ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins gagnvart stefnanda. Má því fallast á með stefnanda að möguleg skerðing á réttindum hans verði ekki réttlætt með því að hún hafi verið óhjálkvæmileg til þess að sjóðurinn fengi staðið undir skuldbindingum sínum“.⁴²

„Reglur um brostnar forsendur teljast almennt til ógildingarreglna samningaréttarins. Á grundvelli þeirra er unnt að fella samninga úr gildi í heild eða hluta, sé skilyrðum til þess fullnægt hverju sinni, en reglunum verður almennt ekki beitt til þess að breyta samningsskilmálum að öðru leyti“.⁴³ Af framangreindu leiðir, að ef samkomulagið er ógilt er því ekki ætlað að skapa réttaráhrif, annað hvort í heild sinni eða að hluta.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn, þá telur undirritaður að erfitt kynni að vera að halda því fram að samkomulagið frá 1997 væri ógilt í heild sinni. Er þá horft til þess, að eftir því sem næst verður komist hafa ekki allar forsendur brostið jafn verulega og þær sem nefndar hafa verið, auk þess sem líta verður til leiðréttingarinnar 2006.

Það leiðir hins vegar af framangreindum lagasjónarmiðum og sanngirnismati, að rök standi til þess að ógilda megi þann hluta samkomulagsins frá 1997 sem snýr að afnámi og uppgjöri ábyrgðar vegna eftirlaunaaldurs og nýtingar 95 ára reglu. Gengi það eftir myndu aðildarfyrirtækin bera ábyrgð á þeim skuldbindingum sem leiddu af slíkum réttindum.⁴⁴ Slík niðurstaða gæti leitt til þess að grundvöllur væri fyrir einhverri endurkröfu af hálfu aðildarfyrirtækjanna, en í ljósi þess tíma sem liðinn er og þess halla sem er á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins er það ekki sjálfgefið.

⁴² Undirstrikun JFJ.

⁴³ Sjá dóma Hæstaréttar í málum nr. 542/2010 og nr. 392/2011. Rétt er að taka fram að fyrir lögtöku 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 eru dæmi um að brostnar forsendur hafi leitt til breytinga á samningsskilmálum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 20/1955 (dómasafn 1955, bls. 691), en þar var talið að vegna breytinga á lögum um fasteignamat hefðu forsendur leigugjalds í samningi breyst svo verulega að rétt væri að endurskoða gjaldið.

⁴⁴ Í þessu minnisblaði hefur ekki verið tekin endanleg afstaða til aðildar, sbr. síðari umfjöllun.

d) Sjónarmið um ógildingu samnings á grundvelli þess að hann sé ósanngjarn eða andstæður góðri viðskiptavenju?

Í 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 (samningalög) er að finna ógildingarreglu sem veitir dómstólum heimild til þess að ógilda samninga í heild eða hluta, ýmist frá upphafi eða frá tilteknu tímamarki. Þá heimilar ákvæðið að samningi verði breytt. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Samningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig [...]. Hið sama á við um aðra löggerninga.

Við mat skv. 1. mgr. skal líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til“.

Ef litið er til efnis samningsins, þá snéri samkomulagið að uppgjöri á ábyrgð lífeyrisskuldbindinga og byggði á áratuga framtíðarmati. Af því er ljóst að samningurinn var hvorki venjulegur né hefðbundinn, en varðaði verulega hagsmuni einstaklinga.

Þá var stefnt að því að uppgjörið myndi ekki hafa áhrif á áunnin réttindi, eins og áður kom fram. Efni samningsins var hins vegar þannig að endurgjald aðildarfyrirtækjanna fyrir afnám ábyrgðarinnar var greitt skömmu eftir samkomulagið, en hins vegar kæmi raunverulegt verðmæti lífeyrissréttindanna (skuldbindinganna) ekki fram fyrr en löngu síðar. Með vísan til umfjöllunar um brostnar forsendur verður að telja að lífeyrissjóðurinn (sjóðfélagar) hafi borið nokkuð einhliða áhættu af því hvert yrði verðmæti endurgjaldsins. Ef útaf myndi bregða varðandi þróun þeirra tryggingafræðilegu forsenda sem lagðar voru til grundvallar, þá var hætt við því, vegna eðlis Hlutfallsdeildar sem lokað sjóðs, að uppgjörsgreiðsla ábyrgðarinnar myndi ekki ná markmiði sínu um að tryggja sjóðfélögum svipuð réttindi.

Þannig standa rök til þess að ákvörðun um endurgjald í samkomulaginu, einkum í ljósi eðlis samningsins, hafi ekki tryggt jafnræði á milli hagsmuna samningsaðila.⁴⁵

Þá er til þess að líta að hinir formlegu samningsaðilar voru lögaðilar sem stunda fjármálastarfsemi og gátu leitað aðstoðar sérfræðinga í aðdraganda samkomulagsins. Hins vegar kann að skipta máli við mat á stöðu aðila og aðstöðu við samningsgerð, að breytingin var tilkomin vegna hagsmuna og frumkvæðis stærsta aðildarfyrirtækis lífeyrissjóðsins og eiganda hans, íslenska ríkisins. Þá var stjórn sjóðsins, sem vann að breytingunum, að meirihluta skipuð fulltrúum aðildarfyrirtækjanna auk þess sem þriðji stjórnarmaðurinn var lykilstarfsmaður þessa stærsta aðildarfyrirtækis sjóðsins. Jafnframt verður að horfa til þess að breytingarnar kölluðu á samþykki sjóðfélaga og þannig voru einstaklingar með mismunandi bakgrunn raunverulegir samþykkjendur samkomulagsins. Viðkomandi einstaklingar áttu vart annars kost en að treysta forsendum uppgjörsins og þeim útreikningum sem aðildarfyrirtækin og stjórn sjóðsins höfðu komist að samkomulagi um. Þegar horft er til þessa, þá var ekki um fullkomna jafnstöðu að ræða á milli aðildarfyrirtækja og sjóðfélaga.

⁴⁵ Í greinargerð með frumvarpi því sem lögfesti 36. gr. samningalaga er meðal annars fjallað um verðákvæði í samningum sem geta verið of lág eða of há, og segir m.a.: „Er þá líklegt að helst mundi reyna á ákvæði varðandi endurgjald í samningum sem gerðir hafa verið til langs tíma og gera ekki ráð fyrir rétti til endurskoðunar.“ Síðan segir að af slíku myndi leiða að „endurgjald verður svo lágt að ósanngjarnt má telja“ (Alþingistíðindi 1985-86, þingskjal 493, 260. mál, 3. þáttur – Athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins, liður 2.4).

Eins og fram hefur komið, þá var stefnt að því með samkomulaginu að uppgjörið hefði ekki áhrif á áunnin réttindi sjóðfélaga. Þá er ljóst að hvorki sjóðfélagar né stjórnvöld hefðu samþykkt umræddar breytingar ef raunveruleg þróun tryggingafræðilegra þátta hefði legið fyrir. Sú verulega neikvæða þróun sem varð á umræddum tryggingafræðilegum þáttum eftir gerð samkomulagsins var þannig ekki fyrirsjáanleg, en hefur hins vegar raskað verulega grundvelli samkomulagsins, sjóðfélögum Hlutfallsdeildar til tjóns.⁴⁶

Það er niðurstaða undirritaðs að lögfræðileg rök standi til þess að með vísan til 36. gr. samningalaga væri ósanngjarnt af hálfu aðildarfyrirtækjanna að bera fyrir sig samkomulagið frá 1997 eða neita breytingum vegna þess forsendubrests sem orðið hefur vegna eftirlaunaaldurs og nýtingar 95 ára reglu. Er þá horft til þess að efni samkomulagsins um endurgjald hallaði frekar á sjóðfélaga enda engin endurskoðunarákvæði í samkomulaginu en áratuga óvissa um raunverulegt endurgjald sjóðfélaga.⁴⁷ Jafnframt verður að telja að aðildarfyrirtækin hafi verið í sterkari stöðu við gerð samkomulagsins en sjóðfélagar.

Þessu til viðbótar skiptir miklu, að þar sem töluverð frávik hafa orðið frá tryggingafræðilegum forsendum samkomulagsins þá verða efindir samkomulagsins ekki í samræmi við það sem báðir samningsaðilar stefndu að. Þannig varð veruleg röskun á samningsgrundvelli aðila sem bitnar með þungbærum hætti á mikilvægum réttindum einstaklinga.⁴⁸ Einnig skal haft í huga að hvorki sjóðfélagar né stjórnvöld hefðu samþykkt umrædda breytingu á samþykktunum ef þessi þróun hefði verið ljós. Þá hafa aðildarfyrirtækin áður sýnt að þau telji forsendur samkomulagsins sig varða og ósanngjarnt væri ef sjóðfélagar myndu einir bera hallann af verulega óhagstæðri þróun tryggingafræðilegra forsenda samkomulagsins. Tekið skal fram að niðurstaða þessi þarf ekki að vera óumdeild frekar en niðurstaðan varðandi brostnar forsendur og er vísað til þeirra sjónarmiða sem þar voru nefnd.

Með sömu rökum og fjallað var um í kafla um brostnar forsendur, þá telur undirritaður að erfitt verði að halda því fram að samkomulagið frá 1997 verði ógilt í heild sinni á grundvelli 36. gr. samningalaga. Hins vegar megi krefjast ógildingar varðandi þann hluta samkomulagsins sem snýr að afnámi og uppgjöri ábyrgðar vegna eftirlaunaaldurs og nýtingar 95 ára reglu og þannig sé ábyrgð aðildarfyrirtækja fyrir hendi vegna skuldbindinga sem af þeim réttindum leiðir. Um sjónarmið varðandi mögulega endurkröfu aðildarfyrirtækjanna ef um ógildingingu væri að ræða er vísað til þess sem sagði í umfjöllun um brostnar forsendur.

⁴⁶ Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2009 var fallist á kröfu aðila um viðbótargreiðslu við það sem um hafði verið samið í fjárslitasamningi vegna verðmætaaukningar í kjölfar þess að land var tekið undir skipulag og framkvæmt eignarnám. Um þetta sagði m.a. í dómi Hæstaréttar: „Þegar höfð eru í huga þau sérstöku atvik sem komu til eftir samningsgerð aðila verður að telja að forsendur þær sem lágu til grundvallar samningnum hafi breyst svo verulega að áfrýjandi hafi ekki gengið að honum hefðu þær verið henni ljósar við samningsgerð.“

⁴⁷ Hér má t.d. vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 273/1988 þar sem samið var um fasta leigufjárhæð lóðar og hafði leigufjárhæðin ekki hækkað um þrjátíu ára skeið. Var umrætt samningsákvæði um leigugjald talið bersýnilega ósanngjarnt og leigusala væri heimilt að leita endurskoðunar á leigunni með vísan til 36. gr. samningalaga.

⁴⁸ Í þessu efni má vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 542/2010 en þar var fasteignafyrirtæki dæmt til að greiða verktakafyrirtæki uppbót á verð á grundvelli 36. gr. samningalaga. Í verksamningi hafði verið samið um að engar verðbætur skyldu greiddar og með því tók verktakafyrirtækið áhættu á því að verðhækkningar á samningstíma (sem var árið 2008) yrðu meiri en hann gerði ráð fyrir. Verktakafyrirtækið lauk verkinu þó að verksamningurinn væri því mun þungbærari en gert var ráð fyrir í upphafi. Verktakafyrirtækið fékk eign til útleigu sem var dýrari en verksamningur gerði ráð fyrir. Hæstiréttur taldi „ósanngjarnt af [fasteignafélaginu] að bera fyrir sig verðákvæði 3. gr. verksamnings frá 7. mars 2008. Verður fallist á kröfu [verktakafyrirtækis] um hækkun þess. Að virtum þeim atriðum sem að framan greinir verður við sanngirnismat samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 [fasteignafélag] í þessum þætti málsins dæmdur til að greiða [verktakafyrirtæki] 75.000.000 krónur“.

Með vísan til sömu sjónarmiða, þá mætti mögulega í stað ógildingar gera kröfu um breytingu á samkomulaginu í þá veru að greiðsla vegna framangreindra réttinda yrði endurmetin í samræmi við þá þróun sem verið hefur. Ef gerð yrði krafa um breytingu þyrfti að taka afstöðu til þess frá hvaða tímamarki hún yrði miðuð.

e) Sjónarmið varðandi vanefndir og bótaskylda háttsemi aðildarfyrirtækja

Þó svo að verkefnið snúi að áliti um gildi samkomulags um uppgjör ábyrgðar aðildarfyrirtækjanna og því að ógildingarreglum samningaréttar, þá er rétt að nefna stuttlega mögulegar vanefndir innan samninga eða grundvöll skaðabóta utan samninga. Ástæðan er sú, að staðhæft hefur verið að einhver aðildarfyrirtæki hafi með háttsemi sinni stuðlað að því að forsendur uppgjörins varðandi eftirlaunaaldur og nýtingu 95 ára reglu hafi ekki staðist. Þannig hafi fyrirtækin beitt sér fyrir því að fólk, sem hafði áunnið sér lífeyrisréttindi, hætti störfum og hæfi töku lífeyris áður en 67 ára aldri væri náð.⁴⁹ Með því hafi iðgjaldagreiðslur orðið lægri og lífeyrisgreiðslur hærri en gert var ráð fyrir.

Takist sönnun um að slík háttsemi hafi átt sér stað með skipulögðum hætti, þá kann að vera að viðkomandi aðildarfyrirtæki hafi vanefnt samkomulagið. Í því efni er rétt að taka fram að vanefnd á aukaskyldu, m.a. um gagnkvæma tillitsskyldu samningsaðila, hefur almennt í för með sér sömu vanefndaráhrif eins og vanefnd á aðalskyldu. Þannig kynni, að þessum forsendum gefnum, að hafa stofnast krafa til a.m.k. skaðabóta vegna vanefndar samnings.⁵⁰

Ef slík háttsemi er sönnuð en teldist ekki hluti af samningsskyldum aðila, þá kynni engu að síður að hafa myndast skaðabótaskylda utan samninga. Þetta er þó háð því að almenn skilyrði bótaskyldu séu til staðar, þ.e. að hægt sé að sýna fram á skaðabótaskylda háttsemi (þ.e. ásetning eða gáleysi) sem hafi valdið tjóni á lögvörðum hagsmunum lífeyrissjóðsins og tjónið séu orsök og sennileg afleiðing þeirrar háttsemi.

V. Önnur atriði

Að framan hefur einkum verið fjallað um efnisreglur varðandi mögulega ógildingingu eða breytingu samkomulagsins um uppgjör ábyrgðar aðildarfyrirtækja. Ef gera á kröfur á hendur aðildarfyrirtækjunum fyrir dómi þarf að skoða fleiri atriði, s.s. sjónarmið um áhrif aðgerðarleysis kröfuhafa við að gæta réttar síns sem kann að leiða til þess að krafa missi lögvernd sína og þar með gildi sitt.⁵¹ Þá þarf að skoða mögulega aðild varnarmegin.

Verður hér vikið stuttlega að þessum atriðum, en nánari skoðun kallar á afmörkun á mögulegri kröfugerð.

a) Sjónarmið um aðgerðarleysi

Réttarvernd krafna getur glatast vegna aðgerðarleysis rétthafa, en yfirleitt þarf skuldari að halda fram slíkum sjónarmiðum sér til varnar. Í því máli sem hér er til skoðunar, gæti reynt á brottfall

⁴⁹ Hvort heldur sem það hafði náð 65 ára aldri eða öðlast rétt skv. 95 ára reglu.

⁵⁰ Slík staðreynd myndi einnig hafa áhrif á sanngirnismat vegna mögulegrar ógildingarkröfu, sbr. framangreint.

⁵¹ Ármann Snævarr, Almenn lögfræði, bls. 52 og Bernard Gomard og Torsten Iversen, Obligationsret: 3. del (Jurist- og Økonomforbundets forlag 2009), bls. 257.

réttinda vegna óskráðra meginreglna um tómlæti. Við mat á því hvort tómlæti sé til staðar er horft til atriða eins og tímalengdar aðgerðarleysis, háttsemi aðila, eðli kröfusambands og hagsmuni.

Þannig er mögulegt að ógildingarkröfur geti fallið niður vegna tómlætis⁵², þó að almennt megi gera ráð fyrir því að töluvert mikið þurfi að koma til.⁵³ Þannig má ætla að hagsmunir aðila og háttsemi þeirra myndi skipta miklu, t.d. hversu lengi aðili hefði mátt vita af ógildingarannmarka og hvort hann hefði gefið gagnaðila tilefni til að ætla að ekki yrði sett fram ógildingarkrafa.⁵⁴

Í kafla IV var komist að þeirri niðurstöðu að lögfræðileg rök stæðu til þess að ógilda mætti að hluta samkomulagið um uppgjör ábyrgðar vegna eftirlaunaaldurs og nýtingu 95 ára reglu. Jafnframt stæðu rök til þess, vegna framangreindra forsenda, að krefjast breytingar á samkomulaginu, sbr. 36. gr. samningalaga, en þá þyrfti að ákveða upphafstíma breytingarinnar og gæti það tímamark skipt máli varðandi tómlætisáhrif.⁵⁵

Telja verður að jafnvel þó að einungis væri krafist ógildingar á samkomulaginu að hluta, þá standi ýmis rök til þess að slík krafa kynni að vera fallin niður vegna tómlætis. Þar má í fyrsta lagi nefna að langur tími er liðinn frá því að samkomulagið var gert og almennt eiga kröfur að koma fram án ástæðulauss dráttar. Í öðru lagi má halda því fram að lífeyrissjóðnum hafi þegar á árinu 2005 verið ljós þróunin varðandi eftirlaunaaldur, en ekki fylgt því máli eftir frá því að dómsmálið var dregið til baka síðari hluta árs 2006.⁵⁶ Í þriðja lagi var í samkomulaginu frá 2006 að finna ákvæði um að ekki kæmi til frekari krafna á hendur aðildarfyrirtækjunum vegna málareksturs og hafi fyrirtækin því verið í góðri trú um að ágreiningi vegna uppgjorsins væri endanlega lokið. Í fjórða lagi virðist af fundargerðum ársfunda að lífeyrissjóðnum hafi mátt vera ljós þróunin, a.m.k. áhættan, vegna forsendubrests varðandi eftirlaunaaldur og 95 ára reglu. Í fimmta lagi verður ekki séð að kröfur eða athugasemdir hafi verið hafðar uppi gagnvart aðildarfyrirtækjunum vegna þróunar eftirlaunaaldurs (eða 95 ára reglu) frá því að dómsmálið var fellt niður síðari hluta árs 2006 og til maí 2015.⁵⁷

Gegn þessu standa m.a. þau rök að lífeyrisréttindi eru mjög sérstaks eðlis og varða mun meiri hagsmuni fyrir þá einstaklinga sem eiga í hlut heldur en aðildarfyrirtækin. Þá hafi aðildarfyrirtækin verið grandsöm um forsendubrest varðandi eftirlaunaaldurinn og mátt gera ráð fyrir kröfu um leiðréttingu ef sú þróun héldi áfram og staða sjóðsins versnaði. Þessu til

⁵² Þorgeir Örlygsson o.fl., Kröfuréttur I, bls. 191.

⁵³ Í því sambandi má nefna að með dómi Bæjarþings Reykjavíkur þann 14. desember 1982 í máli nr. 238/1978 (óáfrýjaður héraðsdómur) var fallist á ógildingingu 40 ára gamals samnings um afsal höfundaréttar Einars Benediktssonar, þ.e. frá árinu 1938.

⁵⁴ Camilla Hørby Jensen, Retsfortabende passivitet - hvorfor, hvordan, hvornår? (Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2007) bls. 170.

⁵⁵ Það tímamark þegar forsendur um aldur við lífeyristöku bresta (þ.m.t. nýting 95 ára reglu) með þeim hætti að telja verður ósanngjarnt að slíkt sé borið af lífeyrissjóðnum.

⁵⁶ Í stefnu lífeyrissjóðsins kemur fram að forsendur varðandi eftirlaunaaldur hafi ekki staðist. Þannig segir á bls. 8: „Við útreikning áfallinna skuldbindinga var út frá því gengið að eftirlaunaaldurinn yrði að jafnaði við 67 ára aldurinn. Við útreikninga nú og fyrr kemur í ljós að eftirlaunaaldurinn hefur færst niður. Reiknast hann nú að jafnaði vera við 65 ára aldurinn“ [undirstrikun JFJ]. Hér virðist hins vegar sem lífeyrissjóðurinn hafi ekki áttað sig á þeim forsendubresti sem komið hefur í ljós varðandi nýtingu 95 ára reglu. Þessu til viðbótar má vísa til bréfa lífeyrissjóðsins til Landsbankans frá því í nóvember 2004 og annarra aðildarfyrirtækja í október 2005 um eftirlaunaaldurinn.

⁵⁷ Bréf var a.m.k. sent til bankastjóra Landsbankans hf., dagsett 13. maí 2015.

viðbótar geti aðildarfyrirtækin ekki túlkað ákvæði samkomulagsins frá árinu 2006 þannig að um væri að ræða almennt afsal á rétti til að bera mál undir dómstóla, enda var ákvæði samkomulagsins viðtækara en samþykkt tillaga sjóðfélagafundar sem var fylgiskjal með samkomulaginu og forsenda þess. Í ljósi þessa væri jafnvel ósanngjarnt og gegn góðum viðskiptaháttum ef aðildarfyrirtækin myndu halda slíku fram.⁵⁸ Jafnframt benda gögn til þess að lífeyrissjóðnum hafi ekki verið ljóst það verulega frávík sem hafði orðið varðandi 95 ára regluna fyrir en frekar nýlega. Að síðustu kynni að skipta máli hvort þróun skuldbindinga vegna eftirlaunaaldurs hafi farið versnandi á síðustu árum.

Hér verður ekki kveðið á um það með afdráttarlausum hætti hvort að krafa um ógildingu (eða breytingu) kunni að vera fallin niður vegna tómlætis, enda málsatvik og réttindi mjög sérstök. Þá myndi kröfugerð og sönnunargögn skipta máli við endanlegt mat dómara á mögulegu tómlæti.

b) Sjónarmið um stöðu Landsbankans hf.⁵⁹

Þegar samkomulag um uppgjör ábyrgðar var gert var aðildarfyrirtæki lífeyrissjóðsins Landsbanki Íslands. Í 11. gr. laga nr. 50/1997 um stofnun hlutafélags um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, kom fram að ríkissjóður bæri ábyrgð á skuldbindingum ríkisviðskiptabankans gagnvart lífeyrissjóðnum sem til hefðu orðið vegna starfsmanna fram til 1. janúar 1998, ef ekki næðust á einhverjum tíma samningar um aðra tilhögun. Eins og fram hefur komið náðist samkomulag um uppgjör skuldbindinganna og greiðslu af hálfu ríkisviðskiptabankans.

Landsbanki Íslands hf. tók síðan við aðild ríkisviðskiptabankans að lífeyrissjóðnum, m.a. rétti til þess að tilnefna einn stjórnarmann. Þá voru ýmsir starfsmenn Landsbanka Íslands hf. aðilar að Hlutfallsdeild lífeyrissjóðsins, auk þess sem færa má rök fyrir því að bankinn hafi tekið yfir fyrirbyggjandi skyldur aðildarfyrirtækis gagnvart sjóðfélögum.⁶⁰ Í þessu sambandi má sérstaklega benda á að Landsbanki Íslands hf. stóð að samkomulaginu frá 2006 um leiðréttingu á forsendum uppgjorsins sem aðildarfyrirtæki sjóðsins. Var enginn fyrirvari gerður við aðild að samkomulaginu, þótt hins vegar væri tekið fram að samkomulagið fæli ekki í sér viðurkenningu á greiðsluskyldu „aðildarfyrirtækja“.

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október 2008, ásamt breytingum, var stofnaður nýr Landsbanki hf. sem tók yfir starfsemi og tiltekna eignir og skuldbindingar Landsbanka Íslands hf. Án nokkurs fyrirvara tók nýi Landsbankinn hf. við aðild að sjóðnum í stað gamla Landsbanka Íslands hf., m.a. rétti til að tilnefna einn stjórnarmann, og má færa rök fyrir því að nýi bankinn hafi tekið að sér þær skyldur sem leiddi af því að vera aðildarfyrirtæki. Þannig hefur Landsbankinn hf., eftir því sem næst verður komist, greitt í samræmi við samkomulagið

⁵⁸Þá má vísa til þess að samkvæmt meginreglum samningaréttar þá skuldbindur löggerningur ekki umbjóðanda ef umboðsmaður fer út fyrir umboð sitt og viðsemjandi er grandsamur um slíkt.

⁵⁹Hér er einungis fjallað um Landsbankann vegna þeirra breytinga sem orðið hafa í starfsemi bankans, en komi til dómsmáls þarf, eftir atvikum m.t.t. kröfugerðar, að stefna öðrum aðildarfyrirtækjum.

⁶⁰Hér má til hliðsjónar líta til dóma Hæstaréttar í málum nr. 377/1999 og 378/1999 þar sem Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að hlutafélagabankinn hafi tekið yfir allar skuldbindingar Landsbanka Íslands samkvæmt kjarasamningum og ráðningasamningum. Því hefði átt að beina kröfu um biðlaun (við starfslok m.v. 31. desember 1997) að hlutafélagabankanum en ekki íslenska ríkinu.

frá 2006 án fyrirvara, bæði vegna nýrra forsenda um launahækkanir og vegna rekstrarkostnaðar lífeyrissjóðsins.

Við endanlegt mat á stöðu Landsbankans hf. þarf að skoða nánar aðkomu hans að lífeyrissjóðnum, auk þess sem máli kann að skipta hvernig krafa er höfð uppi og frá hvaða tíma, s.s. hvort krafist er skaðabóta innan/utan samninga eða ógildingar samnings í heild eða hluta frá gerð samkomulagsins 1997 eða breytingu miðað við síðara tímamark.

Að síðustu er rétt að minna á þau orð héraðsdóms, sem sættu ekki endurskoðun Hæstaréttar í máli nr. 249/2000, að „ábyrgð aðildarfyrirtækjanna sé enn til staðar gagnvart eldri skuldbindingum ef forsendur uppgjörins breytast“. Ef Landsbankinn hf. yrði ekki talinn aðildarfyrirtæki, en samkomulagið frá 1997 teldist ógilt að hluta, þá verður að telja að við tæki ábyrgð skv. 11. gr. laga nr. 50/1997 enda væri réttarstaðan þá hin sama og ef ekki hefðu náðst samningar um aðra tilhögun varðandi þann þátt samkomulagsins sem yrði ógiltur.

VI. Helstu niðurstöður

Á árinu 1997 var gert samkomulag um uppgjör ábyrgðar aðildarfyrirtækja á skuldbindingum Lífeyrissjóðs bankamanna samhliða breytingum á reglugerð sjóðsins. Með þessu var að því stefnt að þáverandi starfsmenn aðildarfyrirtækjanna (Hlutfallsdeild), sem heild, yrðu jafnsettir með áunnin réttindi sín eins og ef áframhaldandi ábyrgðar myndi njóta við. Þannig var miðað við að aðildarfyrirtækin greiddu næga fjármuni til þess að eignir lífeyrissjóðsins væru umfram skuldbindingar vegna réttinda sjóðfélaga gegn því gagnjaldi að ábyrgð aðildarfyrirtækjanna á eignastöðu sjóðsins félli niður. Til grundvallar á fjárhæð greiðslu var byggt á ákveðnum tryggingafræðilegum forsendum.

Fyrir liggur að þessar forsendur gengu ekki eftir og voru gerðar ákveðnar lagfæringar á framangreindu uppgjóri með sérstöku samkomulagi á árinu 2006, þó án þess að aðildarfyrirtækin viðurkenndu nokkra skyldu.

Einnig liggur fyrir minnisblað frá tryggingafræðingi lífeyrissjóðsins, dagsett 5. maí 2015, sem sýnir að tryggingafræðilegar forsendur um eftirlaunaaldur og nýtingu 95 ára reglu hafa brostið þannig að verulegt má teljast.

Í ljósi þessa hefur verið tekið til skoðunar hvort að aðildarfyrirtæki lífeyrissjóðsins kunni að bera ábyrgð á skuldbindingum hlutfallsdeildar sjóðsins, annað hvort að fullu eða vegna þeirrar stöðu sem leiðir af forsendubresti vegna eftirlaunaaldurs og nýtingar 95 ára reglu.


Það er álit undirritaðs að lögfræðileg rök standi til þess að ógilda megi samkomulagið um uppgjör ábyrgðar, að þeim hluta sem snýr að skuldbindingum vegna eftirlaunaaldurs og nýtingu 95 ára reglu, á grundvelli ólögfesta reglna samningaréttarins um brostnar forsendur eða 36. gr. samningalaga. Þá megi mögulega, á grundvelli 36. gr. samningalaga, gera kröfu um breytingar samkomulagsins vegna þróunar á framangreindum forsendum. Verði samkomulagið ógilt að hluta þá myndu aðildarfyrirtækin bera ábyrgð á skuldbindingum Hlutfallsdeildar sem leiddu af framangreindum réttindum. Í álitinu er athygli vakin á því að staða eins aðildarfyrirtækis kallar á sérstaka skoðun.

Það er einnig álit undirritaðs, að miðað við fyrirbyggjandi gögn, þá kunni að verða erfitt að halda því fram að ógilda eigi samkomulagið í heild sinni þannig aðildarfyrirtækin bæru ábyrgð á öllum skuldbindingum hlutfallsdeildar sjóðsins.

Um rökstuðning fyrir framangreindum niðurstöðum er vísað til umfjöllunar hér að framan. Tekið skal fram að niðurstöðurnar byggjast á lagasjónarmiðum þar sem sanngirnismat er lagt til grundvallar. Slíkt mat getur verið umdeilanlegt og almennt hvílir sönnunarbyrði um að rök standi til ógildingar sammings á þeim sem heldur slíku fram.

Að síðustu er fjallað um að reglur um tómlæti kunna að standa í vegi fyrir ógildingarkröfu. Má færa rök bæði með og á móti slíkri niðurstöðu, en erfitt er að komast að afdráttarlausri niðurstöðu og gætu bæði kröfugerð og sönnunargögn skipt þar máli.

Reykjavík, 7. september 2015.


Jonas Fr. Jónsson, hdl.